**Reykjavíkurborg**
*Fjármálaskrifstofa*

R16120061
9. maí 2017

Borgarráð

## Fyrirspurn varðandi ársreikning 2016:
## Árangur hagræðingaraðgerða í miðlægri stjórnsýslu

Borgarfulltrúi Áslaug María Friðriksdóttir hefur óskað eftir svörum við eftirfarandi fyrirspurn:

> *„Getið þið á fjármálaskrifstofunni útvegað mér upplýsingar um hvort að þær hagræðingaraðgerðir sem voru á dagskrá hjá miðlægu stjórnsýslunni skv. þessum tengli http://reykjavik.is/frettir/sjalfbaer-rekstur-hja-reykjavikurborg hafi náð fram að ganga. Helst niðurgreint eftir liðunum eins og þeir koma fyrir í fréttinni.*

## Svar

Hjálagt er að finna yfirlit yfir hagræðingaraðgerðir í miðlægri stjórnsýslu og árangur þeirra.

| | | EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Verkþáttur | Tillaga | Raun | Ólokið 2016 | Hlutfalli náð |
| 1 | FMS fjámálaskrifstofa | 15.009 | 15.009 | 0 | 100% |
| 2 | SBB Skrifstofa borgarstjórnar | 13.700 | 13.700 | 0 | 100% |
| 3 | MAR mannréttindaskrifstofa | 4.838 | 4.838 | 0 | 100% |
| 4 | SBB Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara | 36.600 | 36.600 | 0 | 100% |
| 5 | SÞR Skrifstofa þjónustu og rekstrar | 60.000 | 36.656 | -23.344 | 61% |
| 6 | Önnur útgjöld -atvinnumál | 75.000 | 57.883 | -17.117 | 77% |
| 7 | Önnur útgjöld - aðrir liðir | 28.000 | 28.000 | 0 | 100% |
| | | 233.147 | 192.686 | -40.461 | 83% |

Hagræðingaraðgerðir gengu í meginatriðum eftir ef frá er talið aðgerðir á skrifstofu þjónustu og rekstrar, sem fóru síðar af stað en ráð var fyrir gert. Þá náðist ekki fullur árangur í liðnum atvinnumál, þar sem verkefni frá fyrra ári gengu inn á árið 2016 sem ekki hafði verið tekið tillit til í tillögunni. Þá verður að hafa í huga að atvinnumálaliðurinn var látinn standa undir atvinnu fyrir fatlað fólk og virkniverkefni fyrir fólk á fjárhagsaðstoð. Samtals nemur árangur því um 83%. Þess má geta að allar aðgerðir voru útfærðar í fjárhagsáætlun ársins 2016 og skv. uppgjöri var miðlæg stjórnsýsla 156 mkr undir fjárheimildum eða sem nemur 5,3%.

*Birgir Björn Sigurjónsson,*
fjármálastjóri